

# UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F153/2024

Reykjavík, 30. september 2024

Persónuvernd  
Laugavegi 166, 4. hæð  
105 Reykjavík

Á undanförunum misserum hafa umboðsmanni borist ýmsar kvartanir og ábendingar vegna tafa við afgreiðslu mála hjá Persónuvernd. Má þar til dæmis nefna mál sem umboðsmaður hafði til athugunar fyrir skömmu þar sem það hafði tekið stofnunina tæplega fjögur ár að ljúka meðferð kvörtunar. Í samskiptum Persónuverndar við umboðsmann vegna þessara mála hefur til skýringar á töfunum verið vísað til mikils málafjölda og anna hjá stofnuninni. Tafirnar séu almennar og ekki bundnar við einstök mál.

Með lögum nr. 16/2023, um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi (málsmeðferð o.fl.), voru gerðar viðbætur við 2. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Meðal þeirra var heimild fyrir Persónuvernd til að ákveða hvort kvörtun sem berst gefi nægar ástæður til rannsóknar. Í almennum athugasemdum frumvarps til breytingalaganna var vísað til mikils verkefnabunga hjá Persónuvernd og að álagið væri viðvarandi. Tímabært hafi þótt að leggja mat á þá reynslu sem fengist hefði af framkvæmdinni undanfarin ár og á grundvelli hennar skoða hvar tækifæri lögju til einföldunar í meðferð mála hjá stofnuninni. Þá var tekið sérstaklega fram í athugasemdum við téð ákvæði í frumvarpinu að bundnar væru vonir við að með tillagðri breytingu yrði Persónuvernd gert fært að anna betur þeim málafjölda sem stofnuninni bærisk og stytta málsmeðferðartíma þeirra kvartana sem tilefni þætti að úrskurða um og auka þar með skilvirkni gagnvart bæði einstaklingum og lögaðilum (þskj. 1487 á 153. löggj.þ. 2022-2023). Breytingalögin tóku gildi 30. mars 2023 og hefur hefur Persónuvernd því haft umrædda heimild til að ákveða hvort kvörtun gefi tilefni til rannsóknar í um eitt og hálf ár.

Á vefsíðu Persónuverndar eru birtar tölulegar upplýsingar um hluta mála hjá stofnuninni. Þar kemur m.a. fram að miðað við 1. september 2024 sé fjöldi kvartana 72. Athugast að ekki er fyllilega ljóst hvort um sé að ræða þann fjölda kvartana sem hefur borist stofnuninni, þær kvartanir sem eru til meðferðar eða þær sem hafi verið afgreiddur á tilgreindu tímabili. Þá er upplýst að 236 mál í heildina séu óafgreidd.

Í ljósi alls framangreinds er þess óskað, sbr. 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að Persónuvernd veiti umboðsmanni upplýsingar, annars vegar um fjölda kvartana sem hefur borist stofnuninni frá 2021 og hins vegar um fjölda þeirra kvartana sem hefur verið afgreiddur á sama tíma, sundurgreint eftir árum. Jafnframt er óskað upplýsinga um meðalafgreiðslutíma kvartana á hinu tiltekna tímabili. Þá er óskað upplýsinga um heildarfjölda þeirra kvörtunarmála sem er ólokið hjá stofnuninni og hvenær þau bárust henni. Enn fremur er þess óskað að Persónuvernd leggi fram lýsingu á almennu verklagi sem viðhaft er hjá stofnuninni við afgreiðslu kvartana, svo sem með tilliti til viðmiða um afgreiðslutíma. Loks er óskað nánari upplýsinga um ástæður að baki þeim almennu töfum á afgreiðslu kvartana hjá Persónuvernd sem stofnunin hefur sjálf lýst, auk upplýsinga um áhrif þeirra lagabreytinga sem vikið er að hér að framan á afgreiðslutíma kvartana á þeim tíma sem hér um ræðir.

Þess er óskað að svör Persónuverndar berist eigi síðar en 21. október nk.

Virðingarfyllt,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri frumkvæðismála og  
OPCAT